



Leiðbeiningar vegna Covid-19 – Ítarefni 13. nóv. 2021

5. & 6. flokkur - Fjölliðamót

Hólfaskipting

Hver keppnisvöllur telst vera eitt hólf og skal hann hafa sérinngang og salernisaðstöðu. Loka þarf fyrir gönguleiðir yfir á aðra keppnisvelli/hólf þannig að samgangur sé ekki mögulegur.

Riðill skal spilaður í einu hólfi og kláraður áður en næsti riðill hefst.

Listi yfir starfsmenn á svæðum (hámark 50)

40 leikmenn	5 lið í riðli, hámark 8 leikmenn á lið
1 starfsmaður með liði	4 liðí riðli, hámark 10 leikmenn á lið
2 dómrarar	3 lið í riðli, hámark 13 leikmenn á lið
2 á ritaraborði	
1 umsjónarmaður mótsaldara	Aldrei fleiri 50 að hámarki á hverju keppnissvæði

Riðlaskipting:

5.fl.: 4 liða riðill (einföld umferð) eða 3 liða riðill (tvöföld umferð).

6.fl: 4-5 liða riðill (einföld umferð) eða 3 liða riðill (tvöföld umferð).

ATH. STRANGLEGA ER BANNAÐ AÐ FARA Á MILLI KEPPNISSVÆÐA, HVORT SEM UM RÆÐIR STARFSMENN, LEIKMENN EÐA ÞJÁLFARA!

Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 30 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir seinasta leik.

Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum riðli er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökv fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

Mikilvægt er að mótin séu skipulögð þannig að gefinn sé tími í þrif áður en keppni í næsta riðli hefst.

Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu skila nafnalista í tölvupósti til mótsaldara daginn áður en mótið hefst. Þar skulu koma fram nöfn og kennitölur leikmanna og nöfn og símanúmer forráðamanna þeirra sem mæta á mótið. Auk þess skal vera nafn og símanúmer starfsmanns liðsins.

Lið sem ekki hafa skilað inn nafnalista geta ekki hafið leik í mótinu.

Mótaðalarar skulu einnig halda lista yfir alla starfsmenn mótsins og við hvaða riðla þeir hafa starfað.

Búningsklefar

Búningsklefar eru ekki í notkun á 5. - 6. fl. móturnum, þó má gera undanþágu fyrir utanbæjarlið. Athugið sérstaklega að leikmenn og starfsmenn í hverju hólfi hafi aðgang að salernisaðstöðu.

Veitingasala

Mótsaldarar ættu ekki að útvega veitingar fyrir starfsfólk, keppendur eða aðra þáttakendur. Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarílátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarílát eiga að vera merkt.

VEITINGASALA ER EKKI LEYFÐ!

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

